

Bráðabirgðaákvæði þetta gildir þar til félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa unnið að nánari útfærslu málsins með það að markmiði að þessi sérstaki viðbótarskattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði falli að núverandi fyrirkomulagi við álagningu fasteignaskatts sveitarfélaga.

*Gjört í Reykjavík, 30. janúar 1995.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**  
(L. S.)

---

*Rannveig Guðmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

**um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fer til útlanda miðvikudaginn 8. febrúar nk. Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytið, 7. febrúar 1995.*

**Davíð Oddsson.**

---

*Ólafur Davíðsson.*